

Fundargerð 76. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.
Dagsetning: miðvikudagur 28. apríl 2016 kl. 16:30 í Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Viðstaddir:

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Björg Ágústsdóttir (formaður), Hilmar Már Arason, Sigríður Finsen, Helga Guðmundsdóttir, Erna Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð. Sigrún Ólafsdóttir skólanefndarfulltrúi, Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari, Aðalsteinn Þorvaldsson áheyrnarfulltrúi foreldra og Hilmar Orri Jóhannsson fulltrúi nemenda boðuðu forföll.

Björg Ágústsdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Síðasta fundargerð samþykkt og verður sett á vef skólans í framhaldinu.

2. Skólaakstur.


Fjármálastjóri skýrði frá símtali við tengilið hjá lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN) fyrr í dag. Þar var lofað að umsýslugjald vegna nemenda í skólaakstri á haustönn myndi berast í næstu viku.

Fjármálastjóri óskaði eftir því að bréf til LÍN yrði ekki sent að svo stöddu. Skólameistari hefur viðrað hugmyndir um almenningsgöngur við sveitastjórnarmenn. Bæði umhverfis- og öryggissjónarmið styðja þessar hugmyndir.

3. Skýrsla um úttekt á Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Úttektaraðilar, þeir Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson skipaðir af mennta- og menningarmálaráðuneyti hafa lokið sinni vinnu. Skýrslan er væntanleg á vef ráðuneytisins. Skólameistari kynnti helstu niðurstöður fyrir nefndarfólki og um úrbætur sem munu eiga sér stað. Tímasett umbótaáætlun verður send í mennta- og menningarmálaráðuneyti fyrir 1. maí 2016.

Úttektaraðilar benda á skort á skilgreiningum á ýmsum verkferlum. Skólameistari mun skila inn umbótaáætlun og fagnar tækifæri FSN til að verða enn betri. Fjármálastjóri og skólameistari eru að skoða einhvers konar gæðakerfi og gæðahandbók fyrir FSN. Ekki hefur náðst að minnka brottfall í samræmi við markmið. FSN hefur fengið styrk til þess að minnka brottvarf við skólann.



4. Húsfundur í FSN 26. apríl 2016.

Húsfundur var í FSN þriðjudaginn 26. apríl. Sigurborg Kr. Hannesdóttir stýrði fundinum. Húsfundurinn var settur upp sem heimskaffi og var þátttaka og virkni nemenda og starfsfólks framar björtustu vonum. Nemendur og starfsfólk fengu að koma með ábendingar varðandi skólahúsnæðið og skólalóð. Frétt um húsfundinn er væntanleg. Afrakstur húsfundarins mun verða tekinn saman í skýrslu og fá fulltrúar skólanefndar eintak af henni.

5. Stofnanasamningar kennara við FSN.

Skólameistari kynnti fyrir skólanefndarfólki stofnanasamning kennara við FSN. Stofnanasamningur kennara við FSN er síðan 2008 og því að mörgu leiti úreltur.

6. Námskeið SMÍ að Flúðum.

Skólameistari FSN og FMOS skipulögðu námskeið SMÍ að Flúðum sem tókst mjög vel. Leiðsagnarmat eða leiðsagnarnám var kynnt fyrir þátttakendum sem voru skólastjórnendur framhaldskólanna á landinu.

7. Önnur mál

- Skólastjórar á Snæfellsnesi munu hittast á mánudaginn. Stefnuplagg um samvinnu skóla á nesinu er í vinnslu.
- Kosningar á vegum nemendafélags FSN voru í dag, 28. apríl 2016. Nýr forseti hefur verið kosinn, Lena Hulda.
- Tónleikar stórsveitar Snæfellsness verða í FSN þann 5. maí kl. 14:00.

Fundi slitið 19:15.